

punkti 7 ($x=19037.36$, $y=17769.37$). Síðan til suðausturs að punkti 8 ($x=19007.14$, $y=17745.28$) sem er rétt austan við gatnamót Dyngjuveggar. Þaðan fylgja mörkin götubrún í vestur að punkti 1. (Hnit þessi eru í hnitakerfi Reykjavíkur frá 1951).

Eftirfarandi reglur gilda um svæðið:

1. Óheimilt er að raska landi á hinu friðlýsta svæði eða skerða jarðmyndanir á nokkurn hátt.
2. Gangandi mönnum er heimil umferð um svæðið, enda sé góðrar umgengni gætt.
3. Hvers konar losun jarðefna, rusls og sorps er óheimil.
4. Stefnt skal að verndun gróðurs sem einkennt hefur Laugarás.
5. Umsjón náttúruvættisins skal vera í höndum umhverfismálaráðs Reykjavíkur sem samþykkir legu og gerð gangstiga, uppsetningu bekkja og hvers konar búnað til þæginda fyrir vegfarendur. Girðing við lóðamörk skal einnig vera í umsjá umhverfismálaráðs. Önnur mannvirkjagerð er óheimil á hinu friðlýsta svæði.
6. Áætlun um deiliskipulag á óbyggðu svæði við náttúruvættið skal háð samþykki Náttúruverndarráðs. Í henni skal miðað við að mesta húshæð verði 47.5 m y.s. og mannvirki verði ekki nær náttúruvættinu en 4—8 m og á austurmörkum ekki nær því en 8 m.

Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi Náttúruverndarráðs og umhverfismálaráðs.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni sem tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Menntamálaráðuneytið, 5. janúar 1982.

Ingvar Gíslason.

Birgir Thorlacius.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum nr. 338/1978.

1. gr.

3. mgr. 9. greinar hljóði svo:

Bætur vegna skipa eldri en 15 ára skulu ekki vera hærri en kr. 5 180,00 á rúmlest í skipi. Sé skip yngra en 15 ára, hækkar hámarkið um kr. 518,00 á rúmlest fyrir hvert ár upp í kr. 9 176,00 á rúmlest.

2. gr.

Upphaf 4. mgr. 9. greinar hljóði svo:

Bætur skulu aldrei vera hærri en kr. 1 554 þúsund, vegna eins skips.

3. gr.

2. mgr. 10. greinar hljóði svo:

Árgjöld skulu vera kr. 166,00 á rúmlest af tréskipum og kr. 83,00 á rúmlest af stálskipum. Þó skal árgjald ekki vera herra en kr. 24 790,00 af einu skipi.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 37/1978 um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum og öðlast þegar gildi. Fjárhæðir þær, sem hér eru ákveðnar, gilda frá 1. janúar 1982.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 9. febrúar 1982.

Svavar Gestsson.

Páll Sigurðsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur.

Hinn 27. janúar s.l. staðfesti skipulagsstjórn ríkisins þá breytingu á áður staðfestu aðalskipulagi Reykjavíkur að landnotkun spildunnar sem afmarkast af lóð Öskjuhlíðarskóla að sunnan, Hafnarfjarðarvegi að austan og Bústaðavegi að norðan u.þ.b. 1.6 ha að stærð, skuli í stað útivistar og stofnana framvegis ætluð undir íbúðarbyggð.

Félagsmálaráðuneytið, 5. febrúar 1982.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

AUGLÝSING

um staðfestingu á uppdrætti er sýnir verndun vatnsbóla á höfuðborgarsvæðinu þ.e. í Reykjavík, Mosfellssveit, Kópavogi, Garðabæ, Hafnarfirði og Seltjarnarnesi.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964, hefur ráðherra þann 3. febrúar 1982 staðfest uppdrátt er sýnir verndun vatnsbóla á höfuðborgarsvæðinu.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af viðkomandi sveitarsjónum og skipulagsstjórn ríkisins. Jafnframt er úr gildi felldur uppdráttur um verndun vatnsbóla sem staðfestur var af félagsmálaráðherra 28. febrúar 1969.

Félagsmálaráðuneytið, 8. febrúar 1982.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.